



Akraneskaupstaður

B.t. bæjarráðs Akraness  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 21. október 2015  
1510105 ale

**Efni: Safnasvæðið - fjárhagsáætlun 2016**

Á 19. fundi menningar- og safnanefndar, sem haldinn var þann 20.október sl., var fjallað um viðhaldsverkefni á Safnasvæðinu og gjaldskrá Safnasvæðisins.

Jón Allansson, forstöðumaður Byggðasafnsins í Görðum greindi frá viðhaldsverkefnum á safninu. Menningar- og safnanefnd leggur til við bæjarráð Akraness og sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að viðhald fasteigna safnsins verði fært yfir til eignasjóðs Akraneskaupstaðar. Samfara því þarf að gera ráð fyrir viðgerðum á ytra birði safnahússins á fjárhagsáætlun ársins 2016.

Húsið er farið að láta mikið á sjá og þarfnast nauðsynlegs viðhalds, þ.e. sprunguviðgerðir, málun og fleira. Síðast var húsið viðgert og málað að utan á árunum 1996 til 1997.

Menningar- og safnanefnd leggur til eftirfarandi breytingar á gjaldskrá safnsins frá og með 1. janúar 2016:

Fullorðnir: kr.800, öryrkjar og eldri borgarar kr. 500, frítt fyrir yngri en 18 ára í fylgd með fullorðnum. Hópar 10 eða fleiri kr. 500 á mann. Leiðsögn um safnið utan dagvinnutíma kr. 10.000 aukalega. Áfram verði frítt fyrir leiðsagnir fyrir skólahópa í fylgd með kennurum. Jón Allansson vîkur af fundi kl. 19.25.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Anna Leif Elíóttir,  
verkefnastjóri

Samrit. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar

